

Fundargerð

9. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 9. mars 2021 á ZOOM.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, ~~Íris Berg Bryde~~ verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 8. fundi stjórnar 2020-2022 frestað milli funda, þar sem hún barst seint.

2. Ársreikningur FRÍ og FRÍ ehf.

Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningum FRÍ og FRÍ ehf. Umræður. Fundurinn vísaði málinu til næsta fundar til formlegrar afgreiðslu.

3. Aðstöðumál í Reykjavík

Formaður fer yfir hvernig umræða um aðstöðumálin hefur sprungið út þegar höllin í Laugardal dettur út í margar vikur. Krafa FRÍ er skýr um betri aðstöðu fyrir félögin í Reykjavík. Aðstaðan er nú um stundir mjög bágborin og því afar mikilvægt að höllin sé til staðar meira en minna.

4. Fjarfundir með héruðum – Opinn formannafundur

Rætt að nýju og formaður ýtir við tengiliðum. Rætt um skipulagning. Setjum okkur tímamörk að ljúka þessu fyrir 31.5.21.

5. Hlaupaverkefnið og tæknimál

Rætt um verkefnin. Formaður gerði grein fyrir verkefninu um tæknimálunum. Rætt um aðkomu að verkefninu.

6. Önnur mál

- Sóttvarnir. Umræða um regluverk og markmið.
- Námskeiðahald í frjálsum - Frjálsípróttaskólinn á Selfossi. Afgreitt jákvætt.
- Mótahald. Rætt um MÍ 15-22 ára og MÍ 11-14 ára. Mótin gengu vel. Rætt um mótin sem eru framundan m.a. Meistaramót Íslands 13.-14. mars, en einnig mótin í sumar.
- Kveðjur frá aðalfundum. Formaður flutti kveðjur frá aðalfundi frjálsípróttadeildar Ármanns. Ritari flutti kveðjur aðalfundar frjálsípróttadeildar FH úr Hafnarfirði.
- Kynningarfundur. Unglinganefnd, ásamt verkefnastjóra, stóðu fyrir kynningarfundum á alþjóðlegum mótum ungmenna fimmtudaginn 4.mars. Einnig var farið yfir markmið og vinnuramma Úrvalshóps og Stórmótahóp.
- Evrópumót. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir vandamálum við forskráningar í Evrópu m.a. vegna Covid.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:25 með því að fundarmenn ræddu um bresku konungsfjölskylduna.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.